



LANGANESBYGGÐ

23. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn þriðjudaginn 14. mars 2017 og hófst klukkan 12:00.

Mætt voru: Jósteinn Hermundsson, Karl Ásberg Steinsson, Reimar Sigurjónsson, Aðalbjörn Arnarsson, Oddur Skúlason, Elías Pétursson og Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Engin athugasemd gerð.

Dagskrá fundar:

1. Lóðir í Langanesbyggð – umgengni og umhirða

Fram er lagt til kynningar skjöl (drög) með myndum af ýmsu því sem betur mætti fara á lóðum og götum bæjarins. Skjalið er unnið af frumkvæði sveitarstjóra en af forstöðumanní áhaldahúss. Einnig er fram lögð *Samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra*.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin felur sveitarstjóra að vinna málið áfram og leggja afrakstur þeirrar vinnu fyrir næsta fund nefndarinnar.

2. Umsókn um stöðuleyfi fyrir gróðurhús á Bakkafirði (bráðabirgðaleyfi)

Fram er lagt erindi dags 23. febrúar 2017 hvar óskað er stöðuleyfis vegna 400 m² gróðurhúss við Kötlunesveg Bakkafirði. Í erindinu kemur fram að hitun gróðurhússins er áformuð með til þess gerðum ofni sem brenna muni timbri sem til sé í sveitarfélagini. Um er að ræða tilraunaverkefni. Einnig er fram lagður tölvupóstur frá byggingarfulltrúa.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin tekur að svo stöddu ekki afstöðu til erindis enda telur hún að ekki liggi fyrir nægjanlega góð gögn um styrkleika húss, útfærslu brunaofns og nákvæma staðsetningu hússins.

Samþykkt samhljóða.

3. Stórholt 1, umsókn um heimild til að setja niður og byggja yfir tvo gáma

Óskað er umsagnar nefndarinnar varðandi hugmynd eiganda lóðarinnar Stórholt 1. Á Þórshöfn varðandi léttu viðbyggingu sunnan núverandi húss.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd felur sveitarstjóra að ræða við umsækjanda um útfærslur á viðbyggingu í samræmi við umræður fundarins. Samþykkt samhljóða.

4. Gistiheimilið Lyngholt, endurnýjun á rekstrarleyfi vegna Eyrarvegar 2

Lagt er fram erindi frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra er varðar ósk um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007.

Umsóknin varðar rekstrarleyfi í flokki II – Gististaðir án veitinga. Um er að ræða endurnýjun á eldra rekstrarleyfi.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða.

Jósteinn Hermundsson.



LANGANESBYGGÐ

5. Gistiheimilið Lyngholt, endurnýjun á rekstrarleyfi vegna Langanesvegar 12

Lagt er fram erindi frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra er varðar ósk um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007.

Umsóknin varðar rekstrarleyfi í flokki II – Gististaðir án veitinga. Um er að ræða endurnýjun á eldra rekstrarleyfi.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða.

6. Fjarðarvegur 43. ósk um að byggingu bílskúrs

Lagt er fram erindi er varðar ósk um leyfi til byggingar 53,6 m² bílskúrs að Fjarðarvegi 43. Þórshöfn. Erindinu fylgja teikningar og afstöðumynd.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti erindið og leggur til að sveitarstjórn feli byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

7. Bakkavegur 1, breytt nýting húsnæðis

Fram er lagt erindi dagsett 6. mars 2017 frá Akurseli ehf., erindið varðar ósk um umsögn nefndarinnar vegna áforma fyrirtækisins um uppsetningu á vinnslu og pökkun grænmetis. Núverandi starfsemi í rúmu hálfu húsinu er vörumóttaka, -geymsla og -afgreiðsla á vegum Samskips. Áætlanir Akursels snúa að hluta húss og áfram yrði um að ræða vörufreiðslu í hluta þess.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin tekur vel í erindið og felur sveitarstjóra að afla frekari gagna í samráði við byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlit.

Samþykkt samhljóða.

8. Erindi frá „heiðarbændum“ dags. 9. janúar 2017

Fram er lagt bréf sent sveitarstjórn af „heiðarbændum“, sveitarstjórn vísaði erindinu til nefndarinnar á fundi sínum þann 1. febrúar 2017 og óskaði umsagnar á þeim efnisatriðum bréfsins er til nefndarinnar heyra. Fram fóru umræður um efnispætti bréfsins og var eftirfarandi bókað.

Bókun um afgreiðslu:

- **Hnitsetning landamerkjá,** Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur undir með bréfriturum varðandi þörf á innmælingu landamerkjá. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að kostnaður vegna innmælingar verði metinn og að í verkið verði ráðist ef fjárheimildir leyfa í jarðir í eigu sveitarfélagsins.
- **Heiðarvegir,** Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að nægjanlegt sé að sveitarstjóri sé umsjónaraðili og beri ábyrgð gagnvart sveitarstjórn vegna vegarslóða í sveitarféluginu. Nefndin áréttar mikilvægi þess að bændur og aðrir hagsmunaaðilar komi á framfærni við skrifstofu sveitarfélagsins skilgreindum þörfum um vegaframkvæmdir á hverjum tíma.
- **Umhverfismál,** Umhverfis- og skipulagsnefnd hefur fjallað um gildandi samning við Íslenska gámafélagið. Einnig hefur sveitarstjóri komið á framfæri við fyrirtækið ýmsum athugasemdum bænda og eftir atvikum aftur svörum fyrirtækisins til handa



LANGANESBYGGÐ

bændum. Nefndin felur sveitarstjóra að ítreka áður fram sett sjónarmið bænda varðandi hirðingu á rúlluplasti.
Samþykkt samhljóða.

9. Ísfélagið, svar við fyrirspurn nefndarinnar

Sveitarstjóri lagði fram svar framkvæmdastjóra Ísfélagsins við fyrirspurn sem send var í framhaldi af bókun nefndarinnar á fundi sínum þann 30. janúar 2017. Í svarinu kemur fram að vilji Ísfélagsins standi til að geyma skelhauginn áfram í óbreyttri mynd. Einnig kemur fram að ef uppi séu hugmyndir um að fegra svæðið í og við grjótnámuna þá sé fullur vilji hjá Ísfelaginu til að taka þátt í því hvað varðar skelhauginn t.d. með því að þekja hauginn með þunnu lagi af mold og græða upp.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd þakkar svar Ísfélagsins og leggur til við sveitarstjórn að hafin verði vinna við að fegra umhverfi upp í Hálsi.

10. Langanesvegur 26, umsókn um stöðuleyfi fyrir gám

Lögð er fram ósk eigenda Langanesvegar 26 um tímabundið stöðuleyfi fyrir 40 feta gám. Sótt er um stöðuleyfi til 30. apríl nk.

Bókum um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykktir erindið fyrir sitt leyti.

11. Önnur mál

1. Sveitarstjóri kynnti fyrir nefndarmönnum hugmyndir að einbýlishúsalóðum við ofan verðan Langanesveg.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að vinna hugmyndir áfram í samræmi við umræður og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

2. Sveitarstjóri kynnti hugmyndir að lagfæringum á stígum.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að vinna málid áfram og kostnaðargreina eftir því sem kostur er.

3. Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála er varða endurbyggingu söluskála N1 og lagfæringar á lóð fyrtækisins.

4. Langanesvegur 2. Sveitarstjóri fór yfir samskipti við eiganda meirihluta hússins.

5. Urðunarmál. Karl Ásberg Steinsson spurðist fyrir um stöðu urðunarmála. Sveitarstjóri fór yfir umræður og stöðu mála og viðræður við Gámafélagið.

Fleira ekki gert, fundargerð uppliesin og fundi slitið kl. 14:43.

Oddur Skulason
Jóstein Kjærn
Rúniur Geir

Hannar Þorvaldsson
Karl Ásberg Steinsson
Björn Ólfur